Tækniblað
Grænni bílasápa

Vörulýsing

Grænni bílasápa er háfreyðandi, pH-hlutlaus bílasápa fyrir þrif á bílum og öðrum ökutækjum eins og vinnuvélum, bifhjólum og tengivögnum. Grænni bílasápa hentar jafnt til þrifa með þvottaklút/-hanska eða svampi eða til kvoðunar.

Notkunarleiðbeiningar

1. Útbúið 1-10% blöndu af efninu í fötu eða kvoðukönnu. Þetta samsvarar 1-10 dL af efninu í 10 L af vatni.
2. Berið blönduna á yfirborðið og farið yfir með þvottaklút/-hanska eða svampi.
3. Skolið ökutækið með vatnsbunu eða vægum háþrýstiþvotti.
4. Þurrkið yfirborðið með t.d. vaskaskinni eða örtrefjaklút.

Athugið: Ef forþvottur og/eða tjöruhreinsun, með t.d. Grænni forþvottarsápu og/eða Grænni tjöruhreinsi, er ekki hluti af þrifunum geta laus óhreinindi á yfirborði valdið rispum á lakki og því er mikilvægt að þau fái ekki að safnast í þvottaklút/-hanska eða svamp.

Nánari leiðbeiningar:
Kvoðumyndun ræðst einkum af blöndunarstyrk, þrýstingi, hitastigi, og gerð spíssa og gæti því þurft mismunandi blöndun efnisins, þrýsting og/eða spíssa eftir tækjum til að hámarka magn og þéttleika kvoðunnar.
Handvirkur þvottur með blöndu úr fötu: Þegar þrifið er með þvottaklút/-hanska eða svampi nægir 1-3% blanda af efninu. Mælt er með því að nota „tveggjafötuaðferð“ þar sem efninu er blandað í fötu og hreint vatn úr annarri fötu notað til þess að skola þvottaklút/-hanska eða svamp reglulega til að losa óhreinindi.
Efnið borið á handvirkt með kvoðutæki: Almennt fæst mesta og þéttasta kvoðan með sérgerðum kvoðubúnaði fyrir háþrýstitæki eða með handþrýstikönnu þar sem lausnin þynnist ekki.
Fyrir slík tæki er mælt með að byrja í 1-3% styrk efnis og sé magn og/eða þéttleiki kvoðu ekki ásættanlegur skal auka styrk efnisins, þrýsting og/eða breyta spíssum eftir þörfum. Ef kvoðukanna beintengd krana/slöngu er notuð er mælt með að byrja í 3-10% styrk efnis, vegna auknar þynningar og auka styrkinn eftir þörfum þar til kvoðumyndunin verður ásættanleg. Eftir að kvoðan er komin á ökutækið skal nota þvottaklút/-hanska eða svamp til þess að strjúka af bílnum og skola vel af með vatni eftir á.
Sjálfvirkur iðnaðarbúðnaður: Fyrir flestar tegundir sjálfvirks iðnaðarbúnaðar dugar 1-3% styrkur efnis, ef kvoðan er ekki nógu þétt skal auka styrk efnisins, þrýsting eða breyta spíssum eftir þörfum. Til þess að auka eða flýta virkni efnisins má auka styrk þess t.d. upp í 10%. Þetta gildir jafnt um búnað þar sem notast er við jektor eða aðra sjálfvirka skömmtun og þar sem efnið er forþynnt.

Gefn ehf.
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur

Sími: 537 5307
@: hello@gefn.is
http://www.gefn.is

Eiginleikar

Eiginleiki	Eining	Gildi
Ástand við stofuhita	-	Vökvi
Útlit	-	Tær
Sýrustig (pH)		7-8
Eðlismassi	g/mL	1,0
Seigja	cSt	
Frostmark	°C	0
Lykt	-	Lítil efnalykt

Öryggi og meðhöndlun



Veldur alvarlegum augnskaða.

Inniheldur:	Styrkur %
Alkóhóletoxýlat, C12-14, súlföt, natríumsölt	5-15
Ójónísk og amfóterísk yfirborðsvirk efni	5-15

Geymist í upprunalegum umbúðum, vel lokuðum, úr beinu sólarljósi og sem næst stofuhita. Forðist að geyma vöru utan ráðlagðra aðstæðna.
Fargið efninu samkvæmt lögum og reglugerðum. Merkið úrgangsefni vel og komið í spilliefnamóttöku.
Nánari upplýsingar um öryggi og meðhöndlun, þ.m.t. um hlífðarbúnað/persónuhlífar, má nálgast í öryggisblaði vörunnar.

Umbúðir

Mikilvægt er að endurvinna eða endurnýta umbúðir.

Þegar umbúðir eru endurunnar skal ganga úr skugga um að búið sé að klára allt hreinsiefni í umbúðunum, því næst skulu umbúðir þrifnar með vatni. Ekki þarf að nota aukaleg hreinsiefni til þrifanna. Skila skal umbúðum og töppum aðgreindum til endurvinnslu.

Umbúðum, sem eru 20 L eða stærri (brúsum, tunnum og bömbum) er hægt að skila til Gefnar til endurnýtingar og eru notendur hvattir til að nýta þann kost. Æskilegt er að tappar séu í/á tunnum og bömbum þegar þeim er skilað til endurnýtingar.

Gefn ehf.
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur

Sími: 537 5307
@: hello@gefn.is
http://www.gefn.is

Grænni háfreiðandi bílasápa fæst í eftirfarandi umbúðastærðum

Umbúðastærð	Vörunúmer
1 lítri	
5 lítrar	
20 lítrar	
200 lítrar	
1000 lítrar	

Gefn ehf.
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur

Sími: 537 5307
@: hello@gefn.is
http://www.gefn.is